

Apríl 2019




# Íslensk utanríkismál

Útdráttur úr skýrslu  
utanríkisráðherra  
til Alþingis 2019

Stjórnarráð Íslands  
Utanríkisráðuneytið



## Samstarf ríkja á vettvangi efnahagsmála, viðskipta, varna og stjórnmála



Útgefandi: Utanríkisráðuneytið, 2019

Ljósmyndir: Utanríkisráðuneytið, UN Photo Library, UN Women, UN Splash, bandaríska utanríkisráðuneytið, Sigtryggur Ari Jóhannsson

# Alþjóðasamvinna grundvöllur framfara



Aldarafmæli fullveldisins varð okkur öllum tilefni til að líta yfir farinn veg og hugleiða þær miklu framfarir sem orðið hafa. Þær hefðu aldrei orðið án virkrar þátttöku í alþjóðasamstarfi, ekki síst í líflegum utanríkisviðskiptum.

Ísland hefur alla tíð lagt sitt af mörkum til þeirrar almennu ríkjasamvinnu sem hófst í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. Þannig höfum við kosið að tilheyra hópi lýðræðisríkja Evrópu, Norður-Ameríku og annarra vestrænna ríkja. Sú samvinna virðist æ mikilvægari þegar hún er sett í samhengi við strauma og stefnur víðs vegar um heim.

Alþjóðalög og virkt alþjóðlegt samstarf eru afar mikilvæg smáum og herlausum ríkjum eins og Íslandi. Með virkri þátttöku á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana stöndum við vörð um þjóðarétt sem er grundvallarforsenda í samskiptum ríkja.

Samstaða vestrænna ríkja er þar sannarlega mikilvæg. Kjarninn í alþjóðlegu samstarfi Íslands á sviði öryggis- og varnarmála er síðan aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin.

Í ár virðast allir vegir liggja til Reykjavíkur. Formennsku Íslands í norrænu samstarfi og Norðurskautsráðinu ber upp á árinu sem og stjórnarsetu Íslands í Alþjóðabankanum fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Á síðasta ári hlaut Ísland víðtækan stuðning til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, ein mesta vegsemd sem okkur hefur hlotnast á alþjóðavettvangi. Framganga Íslands í ráðinu hefur vakið athygli á heimsvísu og sýnir svo ekki verður um villst að lítil ríki geta haft áhrif.

Til að tryggja áframhaldandi hagsæld og góð lífsskjör á Íslandi verður að auka útflutningsverðmæti þjóðarbúsins umtalsvert. Í því skyni hefur samstarf við atvinnulífið verið eflt með breytingum á Íslandsstofu og nýskipuðu útflutnings- og markaðsráði. Við bætum ekki lífsskjör okkar nema því aðeins við leggjumst á eitt um að auka útflutningsverðmæti þjóðarbúsins. Þar erum við öll í sama liðinu.

Sístækkandi fríverslunarnet Íslands, nýstofnað viðskiptasamráð við Bandaríkin, aukið samráð og samningar við japönsk stjórnvöld og bætt útflutningsskilyrði fyrir landbúnað til Kína sýna glöggt að utanríkisþjónustan getur opnað atvinnulífinu dyr. Ég er einnig stoltur af því hversu vel utanríkisþjónustunni hefur tekist að greina hagsmuni okkar gagnvart útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og undirbúa allar mögulegar sviðsmyndir í ljósi óvissunnar. Sama gildir um styrkingu hagsmunagæslu fyrir almenning og atvinnulíf á vettvangi EES, sem er einn mikilvægasti alþjóðasamningur Íslands.

Heimsmarkmiðin eru veigamikill þáttur í þróunarsamvinnu Íslands. Ljóst er að þeim verður ekki náð án víðtækrar aðkomu atvinnulífsins. Nýjum samkeppnissjóði er ætlað að styrkja verkefni fyrirtækja sem stuðli meðal annars að uppbyggingu atvinnulífs í þróunarríkjum, öllum til hagsbóta. Í nýrri þróunarsamvinnustefnu sem hefur verið lögð fyrir þingið er einnig lögð áhersla á mannréttindi og sjálfbærni, á sviðum sem íslensk sérþekking nýtist sem best.

Alþjóðleg samvinna og virk hagsmunagæsla er undirstaða þess að lífsskjör Íslendinga geti áfram orðið með því sem best sem gerist í heiminum. Þar er samstarfið innan Evrópska efnahagssvæðisins lykilþáttur, sem og vestræn samvinna sem hefur tryggt frið í heimshluta okkar undanfarin sjötíu ár.

*Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra*

# Ísland í forystu á alþjóðavettvangi

Á árinu 2019 er Ísland í forystuhlutverki á alþjóðavettvangi í ráðum, stjórnun og nefndum sem veitir einstakt tækifæri til að upplýsa um helstu hagsmunamál Íslands á alþjóðavettvangi og afla sjónarmiðum okkar stuðnings. Ísland er formennskuríki í Norrænu ráðherranefndinni og einnig í samstarfi norrænna utanríkisráðherra (N5) og utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8). Í byrjun maímánaðar tekur Ísland við formenskukeflinu í Norðurskautsráðinu. Þá tekur Ísland sæti í stjórn Alþjóðabankans í Washington fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8) um mitt sumar 2019.

## Gagnvegir góðir

„Gagnvegir góðir“ er yfirskriftin á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og vísar til vináttu norrænu þjóðanna. Ungt fólk, sjálfbær ferðaþjónusta og lífríki hafsins eru þau málefna-svið sem Ísland hefur sett í forgang í formennskuáætlun sinni með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Verkefni snúa einnig að norrænum forgangsmálum á borð við jafnrétti og stafræna og sjálfbæra þróun. Ráðgert er að um 180 norrænir fundir og viðburðir verði haldnir á árinu undir stjórn Íslands.

Formennska Íslands í samstarfi utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna leggur áherslu á þrjú málefna-svið: Öryggismál, mannréttindamál og mikilvægi alþjóðalaga og alþjóða-stofnana, og málefni hafsins.



Forsíða ritsins um formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni

## Málefna-sviðin sem Ísland hefur sett í forgang í Norrænu ráðherranefndinni



### UNGT FÓLK Á NORÐURLÖNDUNUM

**MARKMIÐ 4-7** Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreyttni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.



### SJÁLFBÆR FERÐAMENNSKA Í NORÐRI

**MARKMIÐ 8-9** Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.



### HAFIÐ - BLÁR VÖXTUR Í NORÐRI

**MARKMIÐ 14-1** Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.

## FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

### Saman til sjálfbærni á norðurslóðum

Á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í byrjun maímánaðar 2019 tekur Ísland við formennsku til tveggja ára undir yfirskriftinni „Saman til sjálfbærni á norðurslóðum“. Norðurskautsráðið er mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða og alþjóðapólitískt vægi formennskunnar hefur aukist til muna á undanförunum árum. Yfirskrift formennsku Íslands endurspeglar í senn breyttar aðstæður í þessum heimshluta okkar og þær úrlausnir sem íslensk stjórnvöld tala fyrir. Hugtakið sjálfbærni verður alltumlykjandi í formennskutíð Íslands en fjögur megin-áherslusvið formennskunnar verða málefni hafsins, loftslagsmál og grænar lausnir í orkuframleiðslu, fólkið á norðurslóðum og styrking samfélaga, og efling Norðurskautsráðsins. Á fyrsta ári formennskunnar er ráðgert að fjórir meginfundir Norðurskautsráðsins verði haldnir á Íslandi, víðsvegar um land.

Formenskuteymi Íslands í Norðurskautsráðinu og í Norrænu ráðherranefndinni hafa með sér náðið samráð og nýta samlegðar-áhrif í störfum sínum, einkum í verkefnavinnu tengdri hafinu og sjálfbærum samfélögum á norðurslóðum.

### Stjórnarseta í Alþjóðabankanum

Um mitt sumar tekur Ísland við stjórnarsæti í Alþjóðabankanum og leiðir starf Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja um tveggja ára skeið. Þessi átta ríki mynda eitt kjördæmi í Alþjóðabankanum og fulltrúi Íslands, Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra og sendiherra, tekur stöðu aðalfulltrúa í stjórninni fyrir hönd kjördæmisins. Utanríkisráðherra tekur einnig sæti í þróunarsamvinnunefnd bankans og sérstök deild innan þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins leiðir málefnastarfið.

Alþjóðabankinn er stærsta þróunarsamvinnustofnun í heiminum og hlutverk hans er að stuðla að efnahagslegri og félagslegri uppbyggingu þróunarríkja. Bankinn samanstendur af fimm stofnunum og stór hluti íslenskra framlaga fer til IDA, Alþjóðaframarastofnunarinnar, sem veitir fátækustu ríkjum heims styrki og lán á hagstæðum kjörum, auk ráðgjafar. Íslendingar eiga líka í miklu tvíhliða samstarfi við Alþjóðabankann, einkum á sviði jarðhita, orkumála, fiskimála og jafnréttis- og mannréttindamála.

### Ráðherra stýrði árlegum samráðsfundi NB8 ríkjanna með forseta Alþjóðabankans

**5. mars 2019** Jarðhiti, málefni hafsins, jafnréttismál og mannréttindi voru til umræðu á tvíhliða fundi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra og Kristalína Georgjeva, starfandi forseta Alþjóðabankans í dag. Einnig var rætt um fyrirhugaða stjórnarsetu Íslands í bankanum fyrir hönd kjördæmis Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja til næstu tveggja ára.

### 170 norrænir viðburðir á Íslandi á formannsári

**22. janúar 2019** Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni var kynnt í Norræna húsinu síðdegis en hún hófst formlega um síðustu áramót. Yfirskrift formennskunnar er „Gagnvegir góðir“ og vísar hún til vináttu og samstarfs Norðurlandanna í fortíð og framtíð.

### Sjálfbærni leiðarljós í formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu

**21. október 2018** Sjálfbærni verður leiðarljós í formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu sem hefst á næsta ári og málefni hafsins, loftslagsmál og vistvæn lausnir í orku-málum og lífshættir íbúa norðurskautsins verða meðal áhersluatriða Íslands á formennskutímanum. Þetta kom fram í máli Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, utanríkisráðherra, sem hélt lokaræðu Hringborðs norðurslóða sem haldið var hér á landi í sjötta skipti og lauk nú síðdegis.

TOGETHER  
TOWARDS A  
SUSTAINABLE  
ARCTIC

ICELAND'S CHAIRMANSHIP  
ARCTIC COUNCIL 2019-2021

# Ísland í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í fyrsta sinn

Seta Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í Genf er eitt veigamesta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi og einstakt tækifæri til að láta gott af sér leiða. Kosning Íslands er rökrétt framhald aukinnar áherslu á mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu og samræmist vel stefnu ríkisstjórnarinnar. Ísland tók sæti í mannréttindaráðinu í júlí á síðasta ári og situr þar út árið 2019.



Ísland var kjörið í mannréttindaráðið í kjölfar þess að Bandaríkin gengu úr mannréttindaráðinu og hlaut 172 af 178 greiddum atkvæðum. Áherslur Íslands í ráðinu lúta að jafnréttismálum, réttindum hinsegin fólks (LGBT+), réttindum barna, umbótum á starfsemi mannréttindaráðsins og tengslum mannréttinda við umhverfismál.

Umfangsmikið samráð á sér stað í tengslum við setu Íslands í ráðinu, sérstaklega við utanríkismálanefnd Alþingis og í stýrihópi Stjórnarráðsins um mannréttindi. Einnig er þess gætt að fram fari reglubundið samráð við einstaka stofnanir og frjáls félagasamtök.

Fastafulltrúi Íslands í Genf var í byrjun desember 2018 kjörinn varaforseti ráðsins.



| Fastanefnd Íslands í Genf

## Aðildarríki gangi á undan með góðu fordæmi

Utanríkisráðherra tók þátt í árlegri ráðherra-viku ráðsins í febrúar á þessu ári þar sem hann lagði áherslu á málefni hinsegin fólks og ítrekaði mikilvægi umbóta á starfi mannréttindaráðsins. Ráðherra hefur meðal annars gagnrýnt að í ráðinu sitji ríki á borð við Sádi-Arabíu og Filippseyjar sem hafa gerst sek um alvarleg mannréttindabrot en sitji þó í mannréttindaráðinu. Hann sagði einnig eðlilegt að fleiri aðildarríki Sameinuðu þjóðanna fengju tækifæri til að taka sæti í ráðinu, þar með talin fámennari ríki eins og Ísland.

## Frumkvæði Íslands gegn Sádi Arabíu

Ísland hefur látið að sér kveða í ráðinu og í mars 2019 leiddi Ísland gagnrýni á stöðu mannréttinda í Sádi Arabíu fyrir hönd 36 ríkja. Það var í fyrsta skipti í sögu ráðsins sem sjönum er beint að Sádi Arabíu með jafn afgerandi hætti og mikið var fjallað um frumkvæði Íslendinga í erlendum fjölmiðlum. Íslendingar tóku virkan þátt í samþykkt ályktunar um vernd þeirra sem berjast fyrir mannréttindum tengdum umhverfismálum og sögulegrar ályktunar um konur og stúlkur í íþróttum þar sem réttindi fólks með óhefðbundin kyneinkenni voru viðurkennd í fyrsta skipti.

## FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

### Seta Íslands í mannréttindaráðinu | 13. júl. '18 til 31. des. '19

**80** 

Um **80** ræður áætlaðar í fjórum lotum ráðsins.

**56** 

**56** ríki tekin fyrir í jafningjarýni mannréttindaráðsins.

**30** 

**30** fundir sem fastafulltrúi stýrir sem varaformaður mannréttindaráðsins.

## Sterk rödd Íslands á alþjóðavettvangi í jafnréttismálum

Í áratug hefur Ísland verið efst á lista Alþjóðaeftahagsráðsins yfir árangur ríkja á sviði kynjajafnréttis. Horft er til samstarfs við Ísland um árangursríkar leiðir í jafnréttisbaráttunni og jafnréttissjónarmið eru samþætt utanríkisstefnu og starfi á alþjóðavettvangi. Um 80 prósent framlaga Íslands til þróunarsamvinnu styður jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Ísland hvetur markvisst til þátttöku drengja og karla í jafnréttisumræðunni með það að markmiði að stuðla að breyttum viðhorfum til kynjajafnréttis og staðalímynda kynjanna. Svokallaðir rakarastofuviðburðir hafa verið haldnir víða um heim á síðustu árum og fleiri eru á döfinni, meðal annars hjá Alþjóðabankanum og Afríkusambandinu. Á síðasta ári var þriðja landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi samþykkt, fyrir tímabilið 2018-2022.



| Hópmýnd af rakarastofuviðburðinum í Malaví

### Forsætisráðherra fer fyrir sendinefnd Íslands á fundi kvennanefndar SP

**12. mars 2019** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og aðrir norrænir ráðherrar jafnréttismála á Norðurlöndunum, afhentu Phumzile Mlambo-Ngcuka framkvæmdastjóra UN Women viljayfirlýsingu um að leggja áherslu á árangur í jafnréttismálum við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Viljayfirlýsingin var afhent við upphaf 63. fundar kvennanefndarinnar SP sem hófst höfðuðstöðvum samtakanna í New York í gær.

### Ísland í fararbroddi ríkja í gagnrýni á Sáði Arabíu í mannréttindamálum

**7. mars 2019** Ísland leiddi í dag hóp ríkja í gagnrýni á stöðu mannréttindamála í Sáði Arabíu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í Genf. Er það í fyrsta skipti sem Sáði Arabía sætir slíkri samstilltri gagnrýni í ráðinu, og markar frumkvæðið því tímamót. Harald Aspelund, fastafulltrúi Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, flutti hið sameiginlega ávarp fyrir hönd 36 ríkja.

### Ísland kosið til varaformennsku í mannréttindaráðinu

**4. desember 2018** Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna hefur kosið Ísland til að fara með embætti varaforseta ráðsins. Fastafulltrúi Íslands, stýrir því starfi mannréttindaráðsins á næsta ári með forseta þess.

Kosningin fór fram á fundi ráðsins í Genf í gær. Harald Aspelund, fastafulltrúi Íslands, tekur við embætti varaforseta 1. janúar næstkomandi sem fulltrúi Vestur-Evrópu og annarra ríkja (WEOG-hópsins).

# Ísland og utanríkisviðskipti

Utanríkisviðskipti eru lykillinn að hagsæld þjóðarinnar og ein af meginstoðum í utanríkisstefnu Íslands. EES-samningurinn<sup>1</sup> og net viðskiptasamninga opnar íslenskum fyrirtækjum markaði og með breytingum á Íslandsstofu hefur þjónusta og samráð við atvinnulífið verið eft. Hagsmunagæsla tengd Brexit var umfangsmikil á árinu og fríverslunarnet Íslands stækkaði enn.

## Kjarnahagsmunir tryggðir



Í aldarfjórðung hafa samskipti Íslands og Bretlands byggt á EES-samningnum en svo verður ekki eftir að Bretland gengur úr ESB. Á grundvelli víðtækrar hagsmunagreiningar hefur Ísland náð samningum við

Bretland sem tryggir kjarnahagsmuni um vöruviðskipti, búseturéttindi og loftferðamál, hvort sem Bretland gengur úr ESB með eða án samnings. Nú liggur fyrir framlenging á aðild Bretlands að ESB til 31. október 2019 nema útgöngusamningur verði samþykktur fyrr.

## Stækkandi fríverslunarnet Íslands

Undanfarið ár hafa EFTA-ríkin samið um fríverslun við Ekvador og Indónesíu og gert víðtækari samning við Tyrkland. Nær þá

fríverslunarnet EFTA til 40 ríkja og landsvæða utan ESB. Stefnt er að fullgildingu samninga við Ekvador og Filippseyjar á yfirstandandi þingi en við Indónesíu á því næsta. Viðræður standa yfir um gerð fríverslunarsamninga við Indland, Malasíu, Víetnam og Mercosur-ríkin: Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ.

Ráðherra átti tvo fundi með Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, þar sem viðskiptasamráði milli ríkjanna var komið á fót. Fyrsta lotan er fyrirhuguð í júní. Í ferð sinni til Kína undirritaði utanríkisráðherra samkomulag um heilbrigðisvottun til að liðka fyrir lambakjötsútflutningi á grundvelli fríverslunarsamnings ríkjanna. Í kjölfar heimsóknar utanríkisráðherra til Japans og tíðra funda með Taro Kono, utanríkisráðherra Japan, náðist mikilvægur áfangi í loftferðasamningi milli ríkjanna í janúar síðastliðnum.

## Samráð vegna Brexit | 11. janúar 2017 til 1. apríl 2019




10 fundir í utanríkismálanefnd, þar af 5 með aðkomu utanríkisráðherra.



17 fundir með ráðherrum og þingmönnum Bretlands.



9 fundir með fulltrúum ESB auk fjölda funda með ráðherrum ESB-ríkja.



Um 300 fundir íslenskra og breskra embættismanna.



Fjöldmargir fundir með hagsmunaaðilum.

1. Framkvæmd EES-samningsins eru gerð skil í sérstakri skýrslu ráðherra til Alþingis.



## FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM



Á fundi utanríkisráðherra Íslands og Bandaríkjanna í febrúar á þessu ári var ákveðið að setja á fót árlegt viðskiptasamráð milli ríkjanna

Uppsögn færeyskra stjórnvalda á Hoyvíkursamningnum um fríverslun milli Íslands og Færeyja tekur gildi 1. janúar 2020, að óbreyttu, en hún leiðir af banni við eignarhaldi útlendinga í færeyskum sjávarútvegi frá 2018 sem ekki samræmist samningnum. Þrátt fyrir samningsvilja íslenskra stjórnvalda sáu færeysk stjórnvöld sér ekki fært að taka tillit til hagsmuna íslenskra fjárfesta.

### Íslandsstofa og aukið samstarf við atvinnulífið

Ný lög um Íslandsstofu tóku gildi 2018 og nýtt skipulag var kynnt síðastliðið haust. Markmiðið er að gera Íslandsstofu kleift að sinna hlutverki sínu enn betur gagnvart fyrirtækjum á sviði útflutnings, fjárfestinga og ferðapjónustu. Langtímastefnumótun Íslandsstofu miðar að alþjóðlegri sókn Íslands á markaði, byggða á samstilltu átaki atvinnurekenda og stjórnvalda.

### Viðskiptasamningar



Fríverslunarsamningar við 74 ríki og landsvæði, þar af þrjár frá 2018 og tveir sem bíða fullgildingar.



110 loftferðasamningar og viljayfirlýsingar sem veita flugheimildir, þar af fjórir frá 2018.



Ísland hefur gert fjárfestingasamninga við 11 ríki auk annarra samninga sem taka til fjárfestinga.



Tvísköttunarsamningar við 44 ríki eru komnir til framkvæmda, þ.m.t. samningur við Japan frá 2018.

### Viðræðum er lokið um fríverslunarsamning við Bretland til bráðabirgða

18. mars 2019 Ísland, Noregur og Bretland hafa lokið samningaviðræðum um bráðabirgðafríverslunarsamning vegna vöruviðskipta ef Bretland gengur úr ESB án útgöngusamnings. Með samningnum halda núverandi tollkjör í grundvallaratriðum áfram að gilda fyrir inn- og útflutning vara til og frá Bretlandi.

### Nýr opinn EES-gagnagrunnur kynntur á morgunfundi með ASÍ og SA

13. mars 2019 Utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands stóðu í morgun fyrir fundi um stöðu EES-samningsins, ávinning og áskoranir honum tengdar. Á fundinum var einnig kynntur nýr opinn EES-gagnagrunnur þar sem EES-gerðir eru aðgengilegar á einum stað. „Ég ætla að hefja þennan fund á því að fullyrða að EES-samningurinn sé mikilvægasti viðskiptasamningur sem við Íslendingar höfum gert og ég held því raunar fram að EES-samningurinn sé einn allra mikilvægasti alþjóðasamningur í sögu okkar sem fullvalda þjóðar,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson í opnunarárvarpi sínu.

### Brexit í brennidepli á fundi utanríkisráðherra Íslands og Bretlands

3. október 2018 Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Jeremy Hunt, utanríkisráðherra Bretlands, ræddu útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, fríverslunarmál og tvíhliða samskipti á fundi sínum í Birmingham í dag.



# Ísland og alþjóðleg þróunarsamvinna

Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein meginstoð íslenskrar utanríkisstefnu og mikilvægur hlekkur í þjóðaröryggisstefnu Íslands. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós: að bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fólks með sterkari félagslegum innviðum, að bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar, að auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu.

## Ný þróunarsamvinnustefna



Tillaga til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2019 til 2023 hefur verið lögð fram á Alþingi. Mannréttindi, jafnrétti kynjanna og sjálfbær þróun verða leiðarljós en áhersla er lögð á að draga úr fátækt, uppræta hungur, auka hlut þeirra fátækustu í hagsæld samfélaga, styðja

við óstöðug ríki og þau fátækustu og stuðla að friði á alþjóðavettvangi. Þá skuli nýta sérþekkingu Íslands í baráttunni gegn fátækt og vinna að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Í því samhengi verði unnið að uppbyggingu félagslegra innviða og starfa í þágu friðar, verndunar jarðarinnar og sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda.



Fulltrúar fjölmiðla í Malaví ræða við utanríkisráðherra eftir formlega opnun fæðingardeildar í Mangochi

## Óháð úttekt á héraðsnálgun

Fyrsta óháða úttektin á verklagi Íslendinga í þróunarsamvinnu með Malaví og Úganda var gerð árið 2018. Verklagið hefur verið nefnt héraðsnálgun og byggir á beinu samstarfi við héraðsstjórnir þar sem tvinnnað er saman beinum fjárstuðningi til héraðanna og verkefnanálgun. Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar hafði verklagið skilað árangri og íslensk stjórnvöld hlutu lof fyrir stuðning við eignarhald heimamanna, ekki síst þar sem verkefnin eru í góðu samræmi við héraðsáætlanir.

## Samstarf við atvinnulífið


Aðkoma atvinnulífsins er ein forsenda þess að markmiðið með framlagi Íslands til þróunarsamvinnu náist. Með aukinni þátttöku atvinnulífsins má betur stuðla að sjálfbærum hagvexti og arðbærum atvinnutækifærum í þróunarríkjum, með meiri velsæld að markmiði. Ráðuneytið kynnti árið 2018 sérstakan samstarfssjóð um heimsmarkmiðin sem á að vera fyrirtækjum hvatning til þátttöku og framlags til þróunarsamvinnu. Til lengri tíma litið er þeim ætlað að skila árangri fyrir þróunarsamvinnu en á sama tíma eiga fyrirtæki að sjá sér langtímahag og virðisauka í slíku samstarfi.

## FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

### Aukin framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar

Árið 2018 þurftu 135 milljónir manna á neyðar- og mannúð-araðstoð að halda, flestir vegna vopnaðra átaka og ofbeldis, en einnig vegna náttúruhamfara og afleiðinga loftslagsbreytinga. Á síðustu árum hefur verið lögð rík áhersla á tvennt; að slík aðstoð sé óbundin og hún berist skjótt til þeirra sem á þurfa að halda. Framlag Íslands til mannúðar- og neyðaraðstoðar hefur aukist frá rúmlega 232 milljónum árið 2015 í rúmlega 746 milljónir árið 2018. Íslensku fjármagni á þessu sviði er einkum ráðstafað gegnum stofnanir Sameinuðu þjóðanna eða til félagasamtaka.

#### Neyðar- og mannúðaraðstoð | eftir löndum 2018



Framlög í milljónum króna (bráðabirgðatölur)

● Eþíópía 25,0	● Kólumbía 19,4	● Palestína* 85,4
● Indónesía 12,3	● Lesótó 39,3	● Sýrland 152,5
● Jemen 135,9	● Líbanon 50,0	● Úganda 28,6
● Jórdanía* 51,9	● Malaví 41,2	

\* Hluti af framlögum er eyrnamerkur flóttafólki frá Sýrlandi.

### Jarðhitaskólinn í fjörutíu ár

Elsti skóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi, Jarðhitaskólinn, fagnaði fjörutíu ára starfsafmæli á síðasta ári. Hann er því móðurskip Íslendinga í útrás á þessu sviði. Frá því til hans var stofnað fyrir fjórum áratugum hefur skólinn útskrifað tæplega 700 sérfræðinga frá sextíu þjóðríkjum en alls hafa Jarðhitaskólinn, Sjávarútvegsskólinn, Landgræðsluskólinn og Jafnréttis-skólinn útskrifað rúmlega 1300 nemendur.

### Miklar framfarir í menntamálum í Buikwe þakkaðar íslenskum stuðningi

**15. október 2019** Samkvæmt nýrri könnun í Buikwe héraði, samstarfs-héraði Íslendinga í þróunarsamvinnu í Úganda, hafa orðið meiriháttar framfarir í menntamálum héraðsins á síðustu árum eftir að Íslendingar hófu stuðning við héraðsstjórnina í þessum málaflokki. Á síðasta ári luku 75,5 prósent nemenda lokaprófi úr grunnskóla samanborið við 40 prósent árið 2011. Brottfall úr skóla hefur einnig minnkað umtalsvert.

### Megin markmiðið að draga úr fátækt og stuðla að atvinnusköpun

**3. desember 2018** „Megin markmiðið með framlagi Íslands til þróunarsamvinnu er að draga úr fátækt og stuðla að atvinnusköpun og viðvarandi sjálfbærum hagvexti í þróunarlöndum til að leggja grunn að aukinni velsæld. Aðkoma atvinnulífsins – sem býr yfir frumkvæði og margs konar sérþekkingu sem nýst getur við að leysa flókin verkefni – er mikilvægur þáttur í þessari uppbyggingu. Í nýrri stefnu er því lögð áhersla á að stofnanir og atvinnulífið hér á landi styðji við sjálfbæra uppbyggingu í þróunarlöndum,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra á Alþingi þegar hann mælti fyrir stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, 2019-2023.

### Brugðist við neyðinni í Jemen með 100 millj. kr. framlagi

**16. nóvember 2018** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra ákvað í dag að utanríkisráðuneytið myndi verja 100 milljónum króna til neyðaraðstoðar í Jemen. Að þessu sinni skiptist framlagið jafnt milli tveggja stofnana Sameinuðu þjóðanna sem eru í landinu og sinna neyðaraðstoð, annars vegar til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) og hins vegar til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF).

# Ísland og Þjóðaröryggi

Alþjóðalög og virkt alþjóðlegt samstarf er herlausum ríkjum sérstaklega mikilvægt. Ísland tryggir öryggi sitt og varnir með virku samstarfi við önnur ríki, einkum með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi við Bandaríkin ásamt þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og samstarfi við grannríki á sviði öryggismála. Þjóðaröryggisstefnan er leiðarljós en hún nær til virkrar utanríkisstefnu, varnarstefnu og almannaöryggis.

## Samstarf við Atlantshafsbandalagið



Í apríl voru sjötíu ár liðin frá því að Atlantshafsbandalagið var sett á fót en Ísland var í hópi tólf stofnríkja. Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins leggur Ísland áherslu á pólitíska samstöðu um öryggismál, stöðugleika og sameiginlegar varnir, samhliða því að leita leiða til að draga úr spennu og byggja upp traust. Öryggismál og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi, vopnatakmarkanir og afvopnunarmál, auk virkrar þátttöku kvenna í öryggismálum eru forgangsmál. Í samstarfi við Atlantshafsbandalagið ábyrgjumst við rekstur íslenska loftvarnakerfisins, eftirlitskerfa með hafsvæðum, samskiptakerfa, og annarra mannvirkja og búnaðar á Íslandi.

## Varnaræfingin Trident Juncture

Liður í samstarfinu var þátttaka okkar í Trident Juncture síðastliðið haust, einni umfangsmestu varnaræfingu Atlantshafsbandalagsins um langt árabíl. Hún er til marks um breytt öryggisumhverfi á norðurslóðum og mikilvægi þess að tryggja örugga flutninga yfir Atlantshafið. Æfingin fór að mestu leyti fram í Noregi en hófst hér við land með komu tíu herskipa frá bandalagsríkjunum. Einnig voru æfð viðbrögð við hryðjuverkum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og nokkur hundruð landgönguliðar æfðu vetrargöngu í Þjórsárdal. Þá tóku Íslendingar þátt í hluta æfingarinnar sem sneri sérstaklega að sívaxandi ógn í netöryggismálum.

## Framlög Íslands til Atlantshafsbandalagsins (NATO)



**Rekstur íslenska loftvarnakerfisins** sem er hluti af samþættu loftvarnarkerfi NATO.



Rekstur og umsjón með **90 varnarmannvirkjum** NATO á Íslandi.



**Gistiríkjastuðningur fyrir liðsafla** bandalagsríkjanna. Á annað þúsund manns dvöldust á Keflavíkurflugvelli í fyrra.



**12 borgaralegir sérfræðingar** starfa víða um heim við fjölbreytt verkefni hjá NATO, allt frá jafnréttismálum til þjálfunar í sprengjueyðingu.

## FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

### Afvoðunarmál

Atburðarrás undanfarinna missera hefur leitt til vaxandi áherslu á afvoðun og takmörkun vígbúnaðar á alþjóðavettvangi. Ísland tekur virkan þátt í þessari vinnu og var þannig í gestgjafahlutverki á fjölþjóðlegri afvoðunarráðstefnu Atlantshafsbandalagsins sem haldin var í Reykjavík síðastliðið haust. Þar var rætt hvernig draga megi úr hættunni á útbreiðslu gereyðingarpopna og stuðla að afvoðun auk þess sem áhyggjur af framtíð samninga á þessu sviði komu skýrt fram.

### Norrænt varnarsamstarf

Á sviði varnar- og öryggismála hefur samvinna Íslands við aðrar Norðurlandþjóðir, auk Bretlands, Þýskalands og Eystrasaltsríkjanna, orðið nánari og umfangsmeiri á síðustu misserum. Í samstarfi Norðurlandanna eru þessir málaflokkar einkum reknir innan vébanda norræna varnarsamstarfsins (NORDEFCO) en Ísland tekur þátt í borgaralega hluta þess.



| Frá minningarathöfn í tengslum við Trident Juncture 2018

### Íslenska friðargæslan

Á liðnu ári störfuðu fjórtán borgaralegir sérfræðingar á vegum Íslensku friðargæslunnar, meðal annars í Afganistan, í Georgíu og í samstöðuáðgerðum í Eistlandi og Litháen. Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar tóku þátt í þjálfun íraskra sérfræðinga við sprengjueyðingu. Auk fulltrúa á vettvangi leggur Ísland til sérfræðinga í Belgíu, Bretlandi og í Bandaríkjunum þar sem þeir leggja til sérþekkingu og stuðla að því að áherslur Íslands endurspeglar í áætlanagerð og störfum bandalagsins.

### Utanríkisráðherra sótti 70 ára afmælisfund Atlantshafsbandalagsins

**4. apríl 2019** Utanríkisráðherrarnir aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins komu saman til fundar í Washington í tilefni af 70 ára afmæli bandalagsins, en hinn 4. apríl 1949 var stofnsáttmáli Atlantshafsbandalagsins undirritaður af tólf stofnríkjum, Íslandi þar á meðal. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra sótti fundinn.

### Ráðstefna Atlantshafsbandalagsins um afvoðun og takmörkun á útbreiðslu gereyðingarpopna hafin

**29. október 2018** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra lagði áherslu á afvoðun og frið í ræðu sinni á ráðstefnu Atlantshafsbandalagsins um takmörkun á útbreiðslu gereyðingarpopna og afvoðun sem hófst í Reykjavík í morgun. Varaframbæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins flutti einnig ávarp við upphaf ráðstefnunnar. Sérfræðingar og háttsettir embættismenn frá yfir fimmtíu ríkjum, alþjóðasamtökum og stofnunum sitja nú ráðstefnuna sem haldin er í fjórtánda sinn.

### Minningarathöfn markar upphaf Trident Juncture 2018 á Íslandi

**16. október 2018** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og James E. Foggo aðmírall leiddu í morgun minningarathöfn um þau sem létu lífið vegna átaka á Atlantshafi í síðari heimsstyrjöld. Athöfnin markar upphaf varnaræfingarinnar Trident Juncture 2018 á Íslandi. Athöfnin í morgun fór fram um borð í varðskipinu Þór á ytri höfninni í Reykjavík.

# Markmið og aðgerðir

## Málefna svið 4 - Utanríkismál

### Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

- 1 Standa betur vörð um grunnildir utanríkisstefnu Íslands; lýðræði, virðing fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og mannréttindi, jafnrétti allra, sjálfbær þróun, afvopnun og friðsamleg lausn deilumála.
- 2 Standa betur vörð um hagsmuni Íslands og íslenskra ríkisborgara erlendis. Í því felst annars vegar að byggja upp og bæta tengsl við íslenska ríkisborgara erlendis og hins vegar að gæta sérstakra hagsmuna Íslands, svo sem um hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda og heilnæmt umhverfi, þar með talið á norðurslóðum.
- 3 Tryggja íslenskum fyrirtækjum sem bestan aðgang að erlendum mörkuðum, bæta samkeppnisaðstöðu þeirra og styðja sókn þeirra á erlendum mörkuðum, svo sem í gegnum viðskiptaþjónustu utanríkisþjónustunnar, og styðja íslenska ferðaþjónustu með því að tryggja greiða afgreiðslu Schengen-áritana.

TENGIST NR.	AÐGERÐ	TÍMAÁÆTLUN	ÁBYRGÐ	
1	1	Styrkja stofnanir, verkefni og viðburði sem stuðla að auknum mannréttindum, jafnrétti, þjóðarétti og mannúð á heimsvísu; bæði í samstarfi við aðra og að eigin frumkvæði, sbr. viðburði á rakarastofu og fullgilda og staðfesta alþjóðlega samninga.	2017–2021	UTN
2	2	Innleiðing stefnu fyrir borgarþjónustu utanríkisráðuneytis.	2020	UTN
3	3	Tryggja virkari þátttöku Íslands í mótun EES-löggjafar með því að fjölga og efla fulltrúa og byggja upp og viðhalda þekkingu á EES-samningnum innan stjórnsýslunnar.	2017–2023	UTN, fagráðuneyti
4	3	Bæta frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða.	2019–2023	UTN, fagráðuneyti
5	3	Tryggja hagsmuni Íslands í samningaviðræðum sem leiða af útgöngu Bretlands úr ESB í samræmi við stefnu ríkisstjórnar.	2018–2020	UTN
6	3	Vinna að gerð fríverslunarsamninga fyrir atvinnulífið og efla samráð við hagsmunaaðila og byggja upp og viðhalda þekkingu á fríverslunarsamningnum innan stjórnsýslunnar.	2017–2021	UTN
7	3	Hefja móttöku umsókna um vegabréfsáritanir í sendiráðum Íslands í London, Washington og Nýju-Delí.	2019–2021	UTN
8	1,2,3	Auka virkni sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum til að auka skilvirka og skjóta upplýsingamiðlun.	2017–2021	UTN
9	2	Styrkja málsvarastarf, samvinnu og þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana og í svæðabundnu samstarfi; auka samráð innan utanríkisþjónustunnar og Stjórnarráðsins alls.	2017–2021	UTN
10	2	Tryggja hagsmuni Íslands í málefnum um sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar, með virkri þátttöku í samningaviðræðum, alþjóðlegum viðburðum og svæðasamstarfi, með nægum mannafla og virkri stefnumótun þvert á fagráðuneyti.	2017–2019	UTN
11	2	Auka áhrif Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, þ.m.t. samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgðarstarfa í loftslagsmálum.	2017–2019	UTN
12	1, 2, 3	Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefna sviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.	2017–2021	UTN

### Utanríkisviðskipti

Unnið að langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífsins fyrir útflutning. Á sama tíma er verið að vinna nýja stefnu fyrir málaflokkinn sem tekur mið af umræddri langtímastefnu. Ný stefna fyrir málaflokkinn verður kynnt ásamt nýjum markmiðum, mælikvörðum og aðgerðum í fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025.

Þar sem gera má ráð fyrir töluverðum breytingum á stefnu málaflokksins er ekki sett fram markmið, mælikvarða né aðgerðir fyrir hann.

## Samstarf um öryggis- og varnarmál

- 1 Tryggja betur trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggjast á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, varnarsamningnum við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.
- 2 Tryggja betri rekstur og viðhald íslenska loftvarnakerfisins og annarra kerfa og varnarmannvirkja á Íslandi, meðal annars varnarmannvirkja NATO á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.
- 3 Tryggja að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkjastuðningur, viðbúnaðargeta, öryggi og sérfræðikunnátta til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum, og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.

TENGIST NR.	AÐGERÐ	TÍMAÁÆTLUN	ÁBYRGÐ
1	1 Tryggja virka þátttöku Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFCO og Sameinuðu þjóðanna á sviði öryggis- og varnarmála, m.a. með þátttöku í æfingum.	2019–2024	UTN
2	1,2,3 Endurskoðun þjónustusamninga við Landhelgisgæsluna (LHG) og Ríkislögreglustjóra (RLS) um framkvæmd varnartengdra verkefna.	2019	UTN, DMR, LGH, RLS
3	2 Viðhalda varnarmannvirkjum og kerfum, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið (ACCS) vegna þátttöku Íslands í loftrýmiseftirliti, loftrýmisgæslu og eftirliti með hafinu.	2019–2023	UTN, LHG
4	3 Auka þjálfun og færni starfsmanna sem vinna að loftrýmisgæslu og rekstri ratsjárkerfisins með aukinni þátttöku í námskeiðum hjá bandalagsríkjunum og stofnunum Atlantshafsbandalagsins.	2019–2024	UTN, LHG
5	3 Styrkja og bæta getu Landhelgisgæslu Íslands til að takast á við aukningu í loftrýmisgæslu og varnartengdum verkefnum með hagræðingu, auknum fjárveitingum og stuðningi.	2019–2024	UTN, LHG
6	3 Bæta aðbúnað, öryggi og fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum með endurbótum á húsnæði og byggingu nýrra gistihúsa.	2019–2024	UTN, LHG
7	3 Liðs- og birgðaflutningaáætlun NATO. Ný varnartengd mannvirki.	2020–2024	UTN, LHG

## Málefna svið 35 - Alþjóðleg þróunarsamvinna

Í þróunarsamvinnu Íslands er lögð áhersla á svið þar sem sérþekking Íslands nýtist í baráttunni gegn fátækt og fyrir framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Markmið innan mála-flokksins eru tvö og vinna þau að meginmarkmiði Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu:

- 1 Uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar.
- 2 Verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda.

TENGIST NR.	AÐGERÐ	TÍMAÁÆTLUN	ÁBYRGÐ
1	1 Byggðaþróunarverkefni í Mangochi-héraði í Malaví.	2017–2021	UTN
2	1 Byggðaþróunarverkefni í Úganda.	2020–2024	UTN
3	1 Samstarfsverkefni við UNICEF á sviði vatns og hreinlætis í Zambezíu-fylki í Mósambík.	2018–2020	UTN
4	2 Jarðhitaskólinn (UNU-GTP) býður nemendum frá þróunarríkjum upp á nám á Íslandi og heldur námskeið erlendis.	Árlega	UTN, UNU-GTP
5	2 Ráðgjafalisti á sviði jarðhita er starfræktur í samvinnu við Alþjóðabankann. Íslenskir sérfræðingar leggja af mörkum til alþjóðlegra verkefna bankans.	2017–2023	UTN
6	2 Ráðgjafalisti á sviði sjávarútvegs er starfræktur í samvinnu við Alþjóðabankann. Íslenskir sérfræðingar leggja af mörkum til alþjóðlegra verkefna bankans.	2017–2023	UTN
7	2 Sjávarútvegsskólinn (UNU-FTP) býður nemendum frá þróunarríkjum upp á nám á Íslandi, og heldur námskeið erlendis.	Árlega	UTN, UNU-FTP
8	2 Bygging heilsu- og umhverfisvænna reykofna fyrir sjávarþorp er hluti af svæðaverkefni Íslands í Síerra Leóne og Líberíu.	2019–2020	UTN
9	2 Hreinsun á plasti og öðrum úrgangi af ströndum og við löndunarstaði í Síerra Leóne og Líberíu er hluti af svæðaverkefni Íslands.	2019–2020	UTN
10	2 Samstarfssjóður við atvinnulífið um heimsmarkmiðin.	2018–2021	UTN
11	2 Smálán veitt til fiskverkenda sem hluti af svæðaverkefni Íslands í Síerra Leóne og Líberíu.	2019–2021	UTN
12	2 Samstarfsverkefni Íslands og Umhverfisstofnunar Sp sem styður m.a. við kvenfrumkvöðla á sviði sjálfbærrar orku, AWEEF (e. Africa Women Energy Entrepreneurship Framework).	2019–2021	UTN

# Íslensk utanríkismál

Útdráttur úr skýrslu  
utanríkisráðherra  
til Alþingis 2019